


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Höndlaröu hitann?



TYRKISK PEBER VOLCANO - MJÚKAR LAKKRÍSKEILUR & ELDFJÖLL

THE ORIGINAL
TYRKISK PEBER

Á myndinni af **Bergi Ebba** á bls. 8 lagði hann upp með að líkjast þýskum raftónlistarmanni frá 8. áratugnum.



SIGURÐUR ÞÓR Á 30 SEKUNDUM

Fyrstu sex: 270588.
Staða: Leiklistarnemi.
Uppáhaldsleikari: Ingvar E. Sigurðsson.
Uppáhaldsvikmynd: Shawshank Redemption.
Uppáhaldsstaður í heiminum: Sófinn heima.
Hégómi eða húmor: Húmor.
Daður eða djörfung: Djörfung.

Óútskrifaður en með samninginn kláran

Leiklistarneminn **Sigurður Þór Óskarsson** klárar leiklistarskólann síðar á árinu en hann þarf síður en svo að örvænta því **Borgarleikhúsið** tekur á móti honum með opnum örmum um leið og hann fær skírteinið í hendurnar.

Á mánudag var ljóst hvaða tíu kæmst inn í leiklistardeild Listaháskóla Íslands en þar á Monitor einn fulltrúa því að Eysteinn Sigurðarson sem séð hefur um myndskreiðin undanfarin misseri er einn þeirra. En upphaf hjá sumum getur verið endir hjá öðrum og það kemur að því að þeir nemar sem hófu nám haustið 2008 ljúka námi í vor. Sigurður Þór Óskarsson er einn þeirra en þrátt fyrir það að vera ekki búinn að ljúka þar námi er framtíðin ekki óráðin hjá drengnum því á dögunum skrifaði hann undir samning við Borgarleikhúsið. „Þetta er vissulega gamall draumur að rætast þó ég hafi nú einu sinni ætlað að verða barnalæknir. En í seinni tíð hefur það aldrei verið spurning að ég ætlaði að verða leikari,“ segir Sigurður Þór, eða Sigggi Þór eins og hann er yfirleitt kallaður en hann tók þátt í þremur söngleikjum í Verzlunarskólanum áður en leiðin lá í Listaháskólann. Sama ár og hann komst inn í leiklistina

vann hann Söngkeppni framhaldsskólanna þegar hann söng lag eftir Damien Rice.

Kvikmyndir heilla líka

Sigurður náði þó ekki að fagna nýja samningnum með kærustu sinni þar sem hún er í Asíureisu þessa dagana. „Ég fór samt með mömmu og pabba á Austur-Índíafjelagið sem átti vel við því að hún var stödd á Indlandi á sama tíma,“ segir Sigurður. Þrátt fyrir að hafa átt fundi með Magnúsi Geir Þórðarsyni, leikhússtjóra Borgarleikhússins segist Sigggi ekki hafa hugmynd um hvað það hafi verið sem heillaði hann en hann segir að Nemendaleikhúsið sé besti glugginn. „Nemendaleikhúsið er mjög góður vettvangur fyrir okkur að sýna hvað í okkur býr því þangað koma margir leikstjórar og leikhússtjórar til að skoða nýju leikaraefnin.“

Spurður um hvað sé framundan svarar Sigurður.

„Núna er ég að berjast við að skrifa BA-ritgerð og svo er ein sýning eftir hjá okkur í Nemendaleikhúsinu. Ég held að hún verði ógeðslega skemmtileg.“ Sú sýning verður frumsýnd 20. apríl en lokaársnemarnir búa sýninguna til sjálf að mestu leyti. „Við notum svokallaða „devised-aðferð,“ þar sem við söfnum atriðum saman sem tengjast ekki beint en fjalla um ákveðið efni sem leikstjórinn setur fyrir okkur á ákveðnu tímabili. Svo veljum við bestu atriðin og fléttum saman í heilsteypa sýningu,“ útskýrir Sigurður en Una Þorleifsdóttir mun leikstýra verkinu og Jón Atli Jónasson aðstoðar þau við að halda utan um handritið. „Svo vonast ég bara til að byrja í Borgarleikhúsinu fljótlega eftir að ég klára skólann. Síðan væri voða gaman að fá að leika í einhverri kvikmynd, helst í sumar. Það er ekki bara leikhúsið sem heillar mig,“ segir Sigurður að lokum.

j/rj

Monitor mælir með

Í KULDANUM

Nú þegar ísöld geysar úti er gott að geta hlegið að öllu saman. Því er tilvalið að skella sér í jogginggallann, kveikja á kertum og horfa á allar þrjár myndirnar um Manny, Sid, Diego og félagi. Það kemur sér líka vel í sumar því þá kemur út fjórða Ice Age-myndin.



VIÐ RAKSTURINN

Það kemur fyrir að mönnum verði á í messunni þegar þeir snyrta á sér skeggið og menn fá sár. Oftar en ekki er þetta á morgnana og menn mega ekki vera að því að stússa í því að stöðva blæðinguna. En gott ráð er að taka hárbلاسarann hjá ástkonunni eða bara hjá mömmu og blása á sárið. Þá storknar allt á „no time.“



FYRIR EM

Nú þegar ljóst er að við komumst ekki í undanúrslitin á EM í handbolta er gott að velja sér eitthvað annað lið til að halda með bara til þess að gera úrslitaleikina eilítið meira spennandi. Að sjálfsögðu látum við þjóðarstoltið ekki af hendi en það er staðreynd að maður lifir sig betur inn í leikina ef maður heldur meira með öðru liðinu.



Vikan á ...

facebook



Valdimar Gudmundsson
 Var ekki að fara að losa bílinn úr snjóskafinum sem hafði myndast í kringum hann yfir nóttina, en svo komu tveir starfsmenn olís og ýttu mér til frelsis. Olís er greinilega toppfyrirtæki.

25. janúar kl. 13:36



Steinunn Camilla Stones
 The true measure of a man is not how he behaves in moments of comfort and convenience but how he stands at times of controversy and challenges.
 - Martin Luther King Jr.

25. janúar kl. 9:36



Klara Elias
 Sitting next to Snoop at the screening of Red Tails! He's loving his popcorn! Lol

18. janúar kl. 13:48



Ásgeir Orri Ásgeirsson
 Hvernig er það, eru engir þætir strákar þarna í Serbíu til að sýna líka eða

19. janúar kl. 20:51

Feitast í blaðinu


Haukur Heiðar í Diktu veit ögn meira um Danmörk en **Skúli í Diktu.** >>>4



Stillinn kíkti í Flensborg og FG til að kanna tísku menntskælinga í dag. >>>6



Bergur Ebba pældi mikið í liðinu í jogginggöllum þegar hann dvaldi í París. >>>8



Auddi Blö splæsti í rándýran brandara um lækni í LOL-maili vikunnar. >>>12



Hannes Þór segist ekki parsáttur með grínmyndina Evan Almighty í Lokaprófinu. >>>14



Efst í huga Monitor

Baltasar Cornmaker?

Það er svo ótrúlega skemmtilegt hvað við, þessi litla þjóð, fyllumst alltaf stolti þegar samlöndum okkar vegnar vel á erlendri grundu. Annie Mist varð þjóðhetja á einni nóttu þegar hún varð heimsmeistari í CrossFit, landsliðið í handbolta er sem kunnugt er mikið á milli tannanna á fólk þegar það keppir á stórmótum og þessa dagana flykkjast allir í bíó til að sjá kvikmynd Baltasars Kormáks, Contraband. Sjálfur fór ég í bíó í Boston fyrir einhverju síðan á myndina We Bought a Zoo eingöngu vegna þess að ég vissi að Jónsi gerði tónlistina í þeirri ræmu.

En það getur verið erfitt fyrir útlendinga að bera fram íslensk nöfn. Sjálfur dvaldi ég lengi í Bandaríkjunum og sleppti alfarið millinafnum mínu, Ragnar, enda eiga margir þar ytra í stökustu vandræðum með rúllandi r-in. Allt hefur gengið eins og í sögu með Hollywood-mynd Baltasars en jafnvel þó hann beri stórt og fallegt nafn sem hefur fest sig í hugum okkar flestra þá er samt spurning hvort hann þurfi ekki að taka upp eitthvað eilítið útlenskara til að stimpla sig endanlega inn á erlendri grundu. Blaðamenn Monitor settust því

niður til að útbúa lista með þeim nöfnum sem koma til greina fyrir Balta.

- 1 Baltasar -> Bald Tsar = Sköllóttur Keisari.
- 2 Baltasar -> Bathsalt = Baðsalt.
- 3 Kormákur -> Cornmaker = Korngerðar- maður.
- 4 Baltasar Kormákur -> Bold Core = Djarfur Kjarni.
- 5 Kormákur -> Choir Brother-in-law = Kórmágur



Ef Balti ætlar að halda sig við spennu-myndirnar þá held ég að við getum öll verið sammála um að Bold Core myndi henta vel en ef Balti ætlar að snoða sig í bráð þá myndi Bald Tsar henta betur því hann er jú sannur keisari. Keisari Íslands. Um þessar mundir hið minnsta.

Yfir og út, John

Rassmúsinn?

Hljómsveitin **Dikta** er á leið til Kaupmannahafnar aðra helgi til að spila þar á tónleikum og því er forvitnilegt að sjá hvað **Skúli** og **Haukur Heiðar** vita um borgina fögru og Danmörk í heild.

SPURNINGAR

1. HVER LEIKUR ÍSLENSKA PYLSUSALANN Á RÁÐHUSPLADSEN Í ÞEKKTUM ÍSLENSKUM SJÓNVARPSAUGLÝSINGUM?
2. ÁRIÐ 1967 BEIÐ ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í KNATTSPYRNU LÆGRI HLUT GEGN ÞVÍ DANSKA MEÐ EFTIRMINNILEGUM HÆTTI ÞEGAR ÞAÐ SKORAÐI TVÖ MÖRK GEGN FJÓRTÁN MÖRKUM DANA. HVADA ÞEKKTI FJÖLMIÐLAMAÐUR SKORAÐI ANNAÐ MARKA ÍSLENDINGA?
3. OLSEN-BRÆÐURNIR SUNGU SIG INN Í HUG OG HJÖRTU EVRÓPUBÚA ÞEGAR ÞEIR SIGRUÐU EUROVISION ÁRIÐ 2000. SPURT ER, ERU OLSEN-BRÆÐURNIR BRÆÐUR Í RAUN OG VERU?
4. HLJÓMSVEITIN AQUA, SEM GERÐI GARDINN FRÆGAN Á SÍÐASTA ÁRATUG 20. ALDAR, ER JAFNAN SÖGÐ DÖNSK ÞÓTT SÖNGKONA HLJÓMSVEITARINNAR HAFI VERIÐ NORSK. HVERT ER ÁN EFA FRÆGASTA LAG HLJÓMSVEITARINNAR?
5. HVAD HEITIR DANADROTTNINGIN OG HVERS LENSUR ER EIGINMAÐUR HENNA?
6. HVADA TVEIR ÍSLENDINGAR LEIKA MEÐ KNATTSPYRNU-LIÐINU FC KØBENHAVN?
7. HVADA ÖLGERÐ VAR STOFNUÐ ÁRIÐ 1847 OG Á SÉR HÖFUÐSTÖÐVAR Í KAUPMANNAHÖFN?
8. HVAD HEITIR FORSÆTISRÁÐHERRA DANMERKUR?
9. HVADA DANSKI LEIKARI FÓR MEÐ HLUTVERK Í STÓRMYNDUNUM LORD OF THE RINGS?
10. HVER VAR SÍÐASTI KONUNGUR ÍSLANDS?

Skúli Z. Gestsson

6 stig


1. Þjódur nú við. Árni Pétursson. Eða bróðir hans? Þetta er litli bróðir hans. Ég man það ekki.
2. Ekki hugmynd.
3. Já, já, já. **RÉTT**
4. Barbie Girl. **RÉTT**
5. Hún heitir Margrét Þórhildur og Hinrik er franskur. **RÉTT**
6. Sölvi Geir Ottesen og Ragnar Sigurðsson. **RÉTT**
7. Tuborg.
8. Það er kominn nýr forsætisráðherra. Það er kona. Ég giska á Rasmusen.
9. Viggo Mortensen. **RÉTT**
10. Kristján X en hins vegar var það Kristján IX sem gaf okkur fyrstu stjórnarskrána árið 1874. **RÉTT**

7½ stig

Haukur Heiðar Hauksson

1. Kjartan... Ólafsson? Guðjónsson. **RÉTT**
2. Hermann Gunnarsson. **RÉTT**
3. Sæll. Ok. nú ætla ég að giska á annað hvort. Segjum nei.
4. Barbie girl. Láttu ekki svona. **RÉTT**
5. Margrét og eigum við ekki að segja að maðurinn hennar sé... díses. danskur, er það ekki? **½ RÉTT**
6. Annar er með eitthvað ættarnafn. Ottesen. Sölvi Ottesen. Og hinn heitir. Ég var að horfa á þá keppa bara um daginn. Hann heitir Ragnar Sigurðsson. **RÉTT**
7. Þetta er annað hvort Tuborg eða Carlsberg. Sem Liverpool-maður verð ég að giska á Carlsberg. **RÉTT**
8. Eitthvað Rasmus. Hvað heldur þú að ég muni þetta. Rasmusen. Rasmúsinn. Nei hann er hættur. Þetta er leiðinleg spurning. Ég gef þetta frá mér.
9. Viggo Mortensen. **RÉTT**
10. Þetta á maður að vita. Maður lærdi ekkert annað í skólanum. Segjum Kristján. Þeir heita allir það sama. Það voru einhverjir 10 af þeim. Kristján X. **RÉTT**

Þvílík síld. Ég vil þakka öllum sem hafa stutt mig í gegnum árin og undirbúið mig fyrir þessa keppni, bæði líkamlega sem og andlega. Þetta er búin að vera mikil þrautarganga en að sama skapi mikið ævintýri og ég þakka fyrir að fá að taka þátt í þessu."



Mest sótti vefur landsins

84% landsmanna heimsækja mbl.is í hverri viku*

Hvar er þín auglýsing?

mbl.is



**LILJA SIF
ERLEENDSDÓTTIR**

Hvað ert þú gömul? Áttján ára.
Í hvaða skóla ert þú? Flensborg.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Top Shop, Zöru, Vero Moda og Corner.

BUXUR: TOPSHOP
SKÓR: KAUPFÉLAGIÐ
PEYSA: CORNER
TREFFILL: CORNER
TASKA: ACCESSORIZE

**ÁGÚST ELÍ
BJÖRGVINSSON**

Hvað ert þú gamall? Sextán ára.
Í hvaða skóla ert þú? Flensborg.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Bara úti um allt. Ég er rosa hrifinn af Noland og líka Levi's. Svo ef ég fer til útlanda þá versla ég mest í H&M.

BUXUR: BLEND
SKÓR: SAUTJÁN
BOLUR: URBAN
PEYSAN: DERES
HÚFAN: JACK & JONES
ÚLPAN: ZO-ON ICELAND



**SOFFÍA DÖGG
ANDRADÓTTIR**

Hvað ert þú gömul? Sextán ára.
Í hvaða skóla ert þú? Flensborg.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Í útlöndum versla ég mest í H&M. Hérna heima versla ég mikið í Top Shop, Sautján, Spúútnik og Vero Moda.

PEYSA: H&M
BOLUR: H&M
BUXUR: H&M
TREFFILL: H&M
HÁLSMEN: KEYPT Á SPÁNI
SKÓR: CONVERSE



**DANIVAL ÖRN
EGILSSON**

Hvað ert þú gamall? Sautján ára.
Í hvaða skóla ert þú? Flensborg.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég vinn í Levi's svo ég versla langmest þar, svo versla ég í H&M erlendis.

SKÓR: TOPMAN
BUXUR: LEVI'S
PEYSA: G-STAR
BOLUR: LEVI'S
ULLARPEYSA: AMMA PRJÓNABÍ HANA



Tíska unga fólksins

Ekkert stoppar **Stíllinn** í ferð sinni um menntaskólana og að þessu sinni heimsóttum við **Flensborgarskólann** og **Fjölbrautarskólann í Garðabæ**.

**SAMÚEL ARON LAUFDAL
GUÐLAUGSSON**

Hvað ert þú gamall? Sautján ára.
Í hvaða skóla ert þú? Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég versla mikið í Noland. Annars versla ég líka í útlöndum og panta af Netinu.



BOLUR: H&M
KLÚTUR: H&M
JAKKI: NOLAND
SKÓR: SUPRA, KEYPTIR Í FLÓRÍDA
BUXUR: CHEAP MONDAY, KRON KRON
HÚFA: FÉLAGI MINN Á HANA,
VEIT EKKI HVAR HÚN ER KEYPT

**HANNA
MARGRÉT
ARNARDÓTTIR**

Hvað ert þú gömul? Nitján ára.
Í hvaða skóla ert þú? Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Það er mjög misjafnt. Ég versla mikið í útlöndum, mamma mín vinnur hjá Icelandair og ferðast því mikið svo ég panta mikið á Netinu og hún kemur með það heim. En hérna á Íslandi versla ég mest í Sautján.



SKÓR: LONDON, CONVERSE
PEYSA: ZARA
JAKKI: KOLAPORTIÐ
LODFELDUR: SAUTJÁN
LEGGINGS: VERO MODA
SKÓLATASKAN: OLD NAVY, BOSTON

**ÓMAR PÁLL
SIGURBJARTSSON**

Hvað ert þú gamall? Nitján ára.
Í hvaða skóla ert þú? Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég reyni að versla mest erlendis. En annars versla ég mest í Sautján og Smash.



SKÓR: CONVERSE, KEYPTIR Í BANDARÍKJUNUM
BUXUR: H&M
PEYSA: KEYPT Í BANDARÍKJUNUM
BELTI: H&M

**BERGLIND ÓSK
FINNSDÓTTIR**

Hvað ert þú gömul? Sautján ára.
Í hvaða skóla ert þú? Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Aðallega í útlöndum eins og í H&M. Svo versla ég mikið í vintage-búðum eins og Spúútnik og Rauða krossinum. Mér finnst líka mjög gaman að finna mér notuð föt og breyta þeim svo sjálf.



BUXUR: SAUMABÍ ÞÆR SJÁLFB
SKÓR: DR. MARTENS Í GS SKÓR.
SKYRTA: RAUÐI KROSSINN
KJÓLL: ÚR RAUÐA KROSS-BÚÐ Í DANMÖRKU
ÚLPA: KOLAPORTIÐ



EMMA STONE

Emma hefur verið mikið í kastljósinu undanfarið og hefur hún verið að gera góða hluti á rauða dreglinum. Hér gerir hún aftur á móti mikil mistök. Þessi kjóll er ekki málið og lítur leikkonan ekki nógu vel út í honum. Fórðunin er ljót og hárið líflaust.



KATE BECKINSALE

Kate var gestur í Extra-þættinum í L.A. á dögnum og mætti hún í þessum fallega bleika kjól. Sniðið er fallegt og dómulegt og tekur leikkonan sig mjög vel út í kjólnum. Hún tekur hárið smátt frá og er með fallega eyrnalokka sem passa mjög vel við heildardressið.



MARION COTILLARD

Franska leikkonan er gullfalleg í þessum svarta og hvíta Dior-kjóll. Leikkonan var í kjólnum á viðburði í París á dögnum og sló hún heldur betur í gegn. Hún tekur hárið frá andlitinu og er með rauðan varalit sem passar mjög vel við kjólinn.

Stjörnur sem *skora*

Stjörnumar þurfa sífellt að vera að klæða sig upp fyrir hina ýmsu viðburði. Sumar þeirra hitta alltaf í mark en aðrar virðast ekki geta valið rétta kjólinn. **Stíllinn** tók saman nokkur dæmi.



VANESSA HUDGENS

Hin unga og fagra Vanessa mætti í þessum rauða Amanda Wakeley-kjóll á frumsýningu myndarinnar Journey tvö. Rauði liturinn og silfurliðaða kögríð er ekki að passa nógu vel saman og fer snið kjólsins leikkonunni ekki nógu vel. Hún Vanessa hittir því ekki í mark að þessu sinni.



MINKA KELLY

Dökkhærða fegurðardisín lítur einstaklega vel út í þessum gula Oscar de la Renta-kjóll. Hún er sæt og sumarleg og passar dökka krullaða hárið alveg sérdeilis vel við gula kjólinn. Þetta er ekki spurning, hún fær fullt hús stiga fyrir þetta kjóla.




RACHEL BILSON

The O.C.-stjarnan mætti á viðburði í L.A. í síðustu viku í þessum glimmer-tjullkjól. Þó svo hún Rachel sé oftast flott til fara og einstaklega sæt þá fór hún alveg út af laginu í þetta skiptið. Kjóllinn gerir ekkert fyrir hana og skórnir hreint út sagt ljótir.



Litagleði í Hollywood

Það er augljóst að nýtt æði í hártísku tröllríður öllu vestanhafs og eru stjörnur með strípur í öllum regnbogans litum algeng sjón í Hollywood þessa dagana. **Stíllinn** tók saman nokkrar litríkar stjörnur.



DAKOTA FANNING

Barnastjarnan knáa tók til sinna ráða og lítaði ljósu lökkana bleika í endunum. Hún virðist afar ánægð með útkomuna og fara sögur af því að hún sé mikið að sveifla hárinu á almannafæri.



KELLY OSBOURNE

Hún Kelly tók skringilega ákvörðun á dögnum þegar hún lítaði hárið sitt grátt með lillabláum blæ. Þessi hárlitur fer henni alls ekki og lítur hún út fyrir að vera mörgum árum eldri en hún er.



EMILY BROWNING

Unga leikkonan heyrði greinilega af nýja æðinu því hún splæsti í litun á dögnum og valdi þennan skemmtilega silfurgráa lit með dökkbrúna hárinu sínu.



KATY PERRY

Það kom engum á óvart þegar flíparinn hún Katy ákvað að líta hárið sitt blátt í vetur. Söngkonan þúllar þetta lúkk furðuleg enda er hún meistari í að líta vel út svona furðuleg til fara.

Fékk aldrei bæklínginn

Lögfræðingurinn **Bergur Ebba Benediktsson** átti nokkra æskudrauma og einn þeirra var að búa til eigin grínþátt í sjónvarpi. Hann sagði **Monitor** frá Ebba-nafninu, uppistandinu, væntanlegum sjónvarpsþætti Mið-Íslands og jogginggöllumum í Frakklandi.

viðtalið



ÞETTA EÐA HITT?

Mið-Ísland eða Sprengjuhöllin? Get ekki gert upp á milli.

Menntaskólaárin eða háskólaárin? Það er svo hallærislegt að segja menntaskólaárin svo ég ætla ekki að segja það.

Góð bók eða góð bíómynd? Góð bók.

Ef þú yrðir að velja annaðhvort, hvort myndir þú frekar kjósa að sitja nakinn fyrir í einlægu viðtali við lífstílmárit eða verða andlit og talsmaður lélegs skyndibitastaðar? Nakinn, pottþétt. Það væri ekkert verra ef þetta væri eitthvað ótrúlega töff „hipsteratímarit“ í Brooklyn.

að gríni, svo þetta er allt frá því að vera menn að detta yfir í það að endurspeglar eitthvað í samfélaginu á myndinn hátt. Það er samt alltaf miklu léttara að segja hvað þessi þáttur er ekki. Þessi þáttur er ekki revía, hann fjallar ekki um málefni líðandi stundar. Hann gagnrýnir ekki tiltekna fréttir en hann tekur pottþétt á ákveðnum tíðaranda og hver þáttur hefur ákveðið þema.

Þú vilt ekki leka einhverju um þættina, eða hvað? Verður Ari Eldjárn nakinn í einhverju atriði?

Ég veit svo sem ekki hverju ég gæti lekið. Ari verður allavega ekki nakinn en ég var reyndar á rassinum í einu atriði en ég held að það sé búið að klippa það út. Rassinn hefur ekki komið nógu vel út, hann „fittaði“ ekki nógu vel inn.

Þú ert væntanlega af kynslóð sem fylgdist mikið með Tvíhöfða og Fóstbræðrum. Er þetta æskudraumur að fá að feta í þeirra fótspor og gera sinn eigin grínsjónvarps-þátt?

Þetta er það, algjörlega. Maður á fullt af æskudraumum, til dæmis að verða geimfari eða að verða heimsmeistari í fótbolta og síðan eru aðrir svona aðeins raunhæfari. Einn

af mínum æskudraumum var að gera grínþátt í sjónvarpi og það er bara fint að eitthvað af þessu rætist. Ég vona bara að allir eigi æskudraum sem rætist, að minnsta kosti einn á mann.

Stefnir þú þá ekki á að láta hina æskudraumana rætast?

Ég á reyndar annan æskudraum. Mig hefur alltaf langað að skrifa Áramótaskaupið, alveg síðan ég var pínulítill. Ég er mjög þolinmóður svo kannski rætist það einhvern tímann. Ég hugsa það ekki sem eitthvað ævistarf, eitthvað svona: „Jess, ég skrifaði fyrsta Skaupið mitt þegar ég var tvítugur. Nú á ég alveg eftir að geta skrifað tuttugu Skaup áður en ég verð fertugur!“ Mér er sama þótt að ég verði fimmtegur þegar ég skrifa mitt fyrsta og þess vegna vona ég að Skaupið lifi.

Þú hefur sömuleiðis fengist við ljóða- og leikritaskrif. Átt þú þér einhverja drauma í þeim efnum?

Já, eða kannski ekki beint drauma en allavega ákveðinn metnað. Það kann að hljóma plebbalegt að segja það, en maður þarf að setja sér markmið ef maður ætlar sér eitthvað. Það eru til gæjar í þessum ljóðaheimi sem ég lít upp til eins og Stefán Hörður Grímsson en hann gaf út

bækur á svona fimmán ára fresti. Ég er ekki að líkja mér við hann en það sem ég meina er að í ljóðaskrifum gilda gæðin algjörlega umfram magn. Það sem ég hef mestan áhuga á eru ljóðaskrif, leikrit og ritgerðarform. Þrátt fyrir að við séum yfirmettuð af listrænu efni sem gjarnan fær „afþreyingarstimpilinn“ á sig, þá trúi ég að ákveðnar hugsanir séu alltaf best fangaðar í skrifuðu formi.

Myndir þú vilja sjá bókmenntir í meiri miðpunkti hjá ungu fólki í dag?

Já, það væri allavega ekki verra. Ritað mál krefur fólk um að hugsa. Ég hef séð mikið af góðum bíómyndum sem hafa þannig séð breytt lífi mínu en ekkert gagntekur mann jafnmikið og þegar maður les ákveðnar bækur. Það getur gagntekið mann það mikið að það verður nánast óþægilegt að lesa textann, það nær bara það langt inn í hjartað á manni. Það er ástæðan fyrir því að það getur verið erfitt að lesa. Það er ekkert endilega auðvelt að vera með bók eftir Hemingway á náttborðinu og detta inn í einhverja sársauka-/örvæntingafulla sögu af því það er ekkert endilega það sem þú vilt komast í snertingu við fyrir svefninn. Bækur krefja mann um eigin tilfinningar og oftast er óþægilegt að horfast í augu við þær.

|| *Við vorum þarna milli klukkan tvö og fimm að drekka kaffi og urðum svo trylltir að maður var alltaf með hausverk eftir þetta.*





Samstarfsaðilar

Handknattleikssambands Íslands

eru eftirfarandi fyrirtæki



LS RETAIL



samskip



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland



lenovo™



E EIMSKIP



VISA





HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Vala Grand.
Á forsiðu: 1. júlí 2010.
Fyrirsögn viðtals: Vildi fá eistun heim í krukku.

Síðan ég var á forsiðu Monitor hef ég bara verið að reyna að finna mig og upplifa nýja handgerða líkamann minn. Ég hef ferðast mikið og séð heiminn ásamt því að hafa skipt um nokkra kærasta (hlær). Síðastliðið ár var viðburðaríkt en þá var ég með þættina Veröld Völu Grand sem slógu alveg í gegn en er þó hætt með þá núna. Ég var við nám í MSS, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, í haust og er að reyna að lifa lífinu til fulls. Núna er ég búin að finna þann eina rétta og er að standa mig mjög vel í stjúp módúrhlutverkinu enda elska ég að vera stjúpá. Framtíðin er óljós en ég er mjög sáttt við lífið og tilbúin að takast á við það sem er framundan, hvað sem það skyldi nú vera.



S.O.S.-smáforrit

Í höfuðborg Indlands, Nýju-Delí, á sér stað ein af hverjum fjórum nauðgunum í landinu. Félagasamtök í borginni sem berjast gegn kynferðisofbeldi hafa gripið til þess snjallræðis að láta framleiða smáforrit (e. app) í síma sem þau nefna einfaldlega „Fight Back“ eða „Slástu á móti.“ Forritið virkar sem neyðarkall því með aðstoð GPS-tækninnar sendir það smáskilaboð á fimm manns sem innihalda staðsetningu þess sem ráðist er á. Inni í þessum hópi fólks sem fær skilaboð er lögreglan og þá birtist einnig sjálfkrafa upplýsingar um staðsetningu og hvað sé að eiga sér stað á samskiptasíðunum viðkunnun Facebook og Twitter.

„Þó svo að einhverjir kunni að óttast það að lögreglan sé sinnulaus gagnvart slíkum vanda-

málum þá er augljóst að vinir og fjölskylda fórnarlambanna muni taka til sinna ráða strax og skilaboðin berast,“ segir Hindol Sengupta, stofnandi Whypoll-samtakanna sem hönnuðu forritið.

Senn á Bandaríkjamarkað

Heilbrigðisráðuneytið í Bandaríkjunum hefur einnig hafist handa við að búa til slíkan hugbúnað. Þannig mun forrit sem ber nafnið „Circle of 6“ senda viðvörðun á sex manns og „OnWatch“ upplýsir umsvifalaust næstu háskólalögreglu og neyðarlínuna um nákvæma staðsetningu fórnarlambins í gegnum GPS-staðsetningarbúnað. Forritin eru hvoru tveggja væntanleg fljótlega á þessu ári.



LAGALISTINN

Vikan 26. janúar - 1. febrúar 2012

- 1 **The Black Keys**
Lonely Boy
- 2 **Of Monsters And Men**
King and Lionheart
- 3 **Lana Del Ray**
Born To Die
- 4 **Amy Winehouse**
Our Day Will Come
- 5 **Dikta**
What Are You Waiting For?
- 6 **Hjálmar**
Borð fyrir tvo
- 7 **Florence & The Machine**
Shake It Out
- 8 **Gotye / Kimbra**
Somebody I Used To Know
- 9 **Lana Del Ray**
Video Games
- 10 **Retro Stefson**
Qween

- 11 **Páll Óskar** Megi það byrja með mér
 12 **Mugison** Gúanó stelpa 13 **Sykur** Reykjavík 14 **Adele** Rumour Has It
 15 **Ed Sheeran** Lego House 16 **Mugison** Kletturinn 17 **Grafík** Bláir fuglar
 18 **Labrinth / Tinie Tempah** Earthquake
 19 **Florence & The Machine** No Light No Light 20 **Foster The People** Call It What You Want 21 **Bruno Mars** It Will Rain
 22 **Coldplay** Paradise 23 **GusGus** Deep Inside 24 **Pitbull** International Love
 25 **M83** Midnight City 26 **Blackout** Breathe Carolina 27 **David Guetta** Titanum
 28 **Adele** Turning Tables 29 **Adele** Set Fire To The Rain 30 **Kavinsky / Lovefoxxx** Nightcall

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframlaiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 97.7, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson
 til Auðunn Blöndal
 dagsetning 18. janúar 2011 11:06
 titill LOL-mail Monitor

Já heill sé þér herra Blö

Þú ert sniðugur á skjánum og í útvarpinu. Nú er að sjá hvort þú getir verið fyndinn á prenti.

Svo máttu skora á einhvern ljúfan einstakling.

Þakkir kærar,
 Jónsson

Það er maður sem er búinn að vera slappur og fer til læknis. Læknirinn gerir rannsókn á honum og segir honum 2 vikum seinna að hann sé með slæmar og góðar fréttir. Maðurinn biður um að fá að heyra slæmu fréttirnar fyrst. Þá segir læknirinn: „Þú ert með krabbamein á lokastigi og átt ekki nema 2 vikur eftir.“ Maðurinn er í sjokki og segir: „Ojbara, hverjar eru þá góðu fréttirnar eiginlega?“ Þá segir læknirinn: „Sérðu ritarann minn þarna frammi með stóru brjóstin? Ég er að ríða henni.“

Skora á Hjöbba K
 Auddi

Ertu trommari ?

Erum að taka við umsóknum frá nemendum á öllum stigum, byrjendum jafnt sem atvinnumönnum.

Upplýsingar um skólagjöld og námsfyrirkomulag má finna á **trommuskolinn.com** og **gunnarwaage.com**

„Beyond his impeccable chops...“
 „Gunnar keeps things interesting by turning corners with his unpredictable chops and avant-tinged orchestrations.“
 David Stanoch, dálkahöfundur Modern Drummer Magazine

Kikið á **gunnarwaage.com** skoðið kennslumyndbönd og hlustið á **Derek Sherinian, David Garfield, Percy Jones og Tony Franklin.**

Trommuskóli Gunnars Waage • Síðumúla 29, Rvk. • Sími: 865 5890 • info@trommuskolinn.com



TÓNLISTINN

Vikan 26. janúar - 1. febrúar 2012

- 1 **Valgeir Guðjónsson**
Spilaðu lag fyrir mig
- 2 **Mugison**
Haglél
- 3 **Of Monsters And Men**
My Head Is An Animal
- 4 **Adele**
21
- 5 **Sigurður Guðmunds og Sigríður Thorlacius**
Asamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
- 6 **Lay Low**
Brostinn strengur
- 7 **Stebbi og Eyfi**
Fleiri notalegar ábreiður
- 8 **Hjálmar**
Órar
- 9 **Helgi Björnsson**
Íslenskar dægurperlur í Hörpu
- 10 **Gus Gus**
Arabian Horse

- 11 **Jón Múli Árnason** Söngdansar og ópusar 12 **Ragnhildur Gísladóttir** Þorralög-in 13 **Ýmsir** Pottþétt 56 14 **Dikta** Trust Me
 15 **Fríðrik Karlsson & María Ellingsen** Jóga 16 **Björgvin Halldórsson** Gullvagninn
 17 **Sólstafr** Svartir sandar 18 **Cortes** feðgar Ísland 19 **Einar Scheving** Land míns föður 20 **Papar og gestir** Jameson
 21 **Jón Jónsson** Wait For Fate 22 **Ýmsir** Partíopp 23 **Sykur** Mesópótamía 24 **Björk** Biophilia 25 **Coldplay** Mylo Xyloto
 26 **Ingimar Eydal** Allt fyrir alla 27 **Úr söngleik Borgarleikhússins** Galdrakarlinn í Oz 28 **Valdimar** Undraland
 29 **Sóley** We Sink 30 **Haukur Morthens** Með blík í auga

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframlaiðenda og inniheldur slútlöur síðastliðinnar viku í verslunum Skífunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.

„I will look for you, I will find you, and I will kill you.“ sagði hinn svali karakter sem **Liam Neeson** leikur í *Taken* frá árinu 2008.



Baltof góð mynd

Ég var búinn að biða lengi eftir *Contraband* og fylltist ég þjóðarstolti þegar ég sá nafn Balta birtast á tjaldirinu. *Contraband* er endurgerð hinnar stórgóðu Reykjavík-Rotterdam sem sló í gegn hér á landi árið 2008. Mark Wahlberg leikur Chris Farraday, gamlan smyglara sem er hættur í bransanum og einblínr hann nú aðallega á fjölskyldu sína. Fortíðin eltir hann samt uppi því mágur hans klúðrar smygli sem verður til þess að fjölskylda Farraday er í hættu. Það kemur því ekkert annað til greina en að fara í eitt stykki smygiferð svo mágur hans verði ekki drepinn af hinum stórhættulega Tim Briggs (Giovanni Ribisi). Hversu oft hætti Jack Bauer hjá CTU? Jason Bourne var líka einu sinni hættur og var ekki John Rambo hættur þegar Trautman kíkta til hans í heimsókn í Tælandi? Svona söguþráður er klassískur en hann virkar því ef rétt er staðið að málum getur niðurstaðan oft og tíðum verið góð.

Frábært leikaraval

Baltasar stendur sig gríðarlega vel að mínu mati. Hann heldur uppi hraðanum allan tímann og það er varla dauður punktur í myndinni. Allt leikaraval er til fyrirmyndar. Wahlberg fer létt með þetta hlutverk enda er hann þessi góði gaur sem er samt smá „bad boy“ inn við beinið. Ribisi er mjög góður í sínu hlutverki og Ben Foster einnig. Ólafur Darri er flottur og David O'Hara fer á kostum sem glæpaforinginn Church. Synd hvað hann var lítið í myndinni. Íslendingar ættu því að hætta að hugsa um átök innan þingflokks VG og drífa sig í bíó. *Contraband* reynir ekki að vera eitthvað sem hún er ekki. Hún er fyrsta flokks popp og kók bíómynd sem gefur áhorfandanum nákvæmlega það sem hann vill. Vel gert Balti og mikið hrikalega er ég spennur fyrir næstu mynd.

Tómas Leifsson



CONTRABAND



FRUMSÝNING HELGARINNAR

The Grey

Liam Neeson leikur forystumann olíuleitarmannanna sem eru svo sem öllu vanir en hafa samt aldrei þurft að glíma við jafnerfiðar aðstæður og nú. Flugvél þeirra þarf að nauðlenda í óbyggðum Alaska þar sem allt er snævi þakið og þeir sem lifðu af hafa engan tíma til að gleðjast yfir því vegna þess að frostið er svo gott sem óbærilegt. Þess utan eru mennirnir nánast matarlausir.

Til að bæta gráu ofan á svart hafa öll fjarskiptatæki eyðilagst og vonin um að einhver muni finna þá áður en það er orðið of seint dofna því strax og verður að engu. Það eina sem þeir geta gert er að nýta sér það sem þeir hafa við höndina og freista þess að ganga til byggða.

En þá tekur ekki betra við því að stór hópur af úlfum

sem þarna lifa við erfiðar aðstæður verður var við mennina og er ekki á því að leyfa þeim að fara um svæðið. Þar með er hafin ísköld barátta sem á svo sannarlega eftir að taka á taugarnar.

Við gerð myndarinnar koma saman á ný leikstjórn Joe Carnahan, framleiðendurnir Ridley og Tony Scott og leikarinn Liam Neeson en allir unnu þeir saman að *The A-Team* sem kom út árið 2010.

Leikstjóri: Joe Carnahan.
Aðalhlutverk: Liam Neeson, Frank Grillo, Dermot Mulroney, Dallas Roberts, Joe Anderson og Nonso Anozie.
Lengd: 117 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð börnum yngri en sextán.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri.

Aðrar frumsýningar: *The Artist* • *War Horse* • *Man on a Ledge* • *La guerre est déclarée*

FRUMSÝNDAR FÖS. 27. JANÚAR

HÁMARKS ÁRANGUR

Grunnpakkinn frá NOW inniheldur þau lykil næringarefni sem flestir fá ekki nóg af, jafnvel þó þeir neyti fjölbreyttrar fæðu.

„Ég vel NOW vegna þess að þær eru framleiddar og prófaðar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum og innihalda ekki vafasöm auk- og fyllingarefni sem geta dregið úr árangri.“

Ég set markið hátt, þess vegna vel ég NOW.“

Ragna Ingólfs, landsliðs kona í badminton og ólympiufari.



Grunnpakki NOW



Gæði • Hreinleiki • Virkni

FERILLINN



Liam Neeson

Hæð: 193 sentimetrar.
Besta hlutverk: Oskar Schindler í *Schindler's List*.
Skrýtin staðreynd: Hefur leikið fjölmargar persónur sem voru til í alvörunni, svo sem Rob Roy, Oskar Schindler, Michael Collins og Alfred Kinsey.
Eitruð tilvitnun: „Það er athyglisvert að eftir því sem maður nær meiri árangri, þeim mun fleiri vilja gefa þér fría hluti.“

1952 Fæðist 7. júní í bænum Ballymena á Norður-Írlandi.

1971 Hefur nám í eðlis- og tölvunarfræði í háskóla í Belfast, höfuðborg Norður-Írlands, en hættir og fer að starfa fyrir Guinness-bjórframleiðandann.

1978 Preytir frumraun sína í kvikmyndum þegar hann leikur Jesú Krist í trúarmyndinni *Pilgrim's Process*.

1987 Flytur til Hollywood, með það fyrir augum að meika það. Á þessum tíma hafði hann búið í London í nokkur ár og leikið aukahlutverk í nokkrum kvikmyndum, meðal annars í *The Mission* (1986) með Robert DeNiro og Jeremy Irons.

1990 Kemur sér á kortið fyrir alvöru þegar hann leikur aðalhlutverkið í ofurhetjumyndinni *Darkman* eftir Sam Raimi.

1994 Hlýtur sína fyrstu og einu Óskarstílnefningu fyrir hlutverk sitt sem Oskar Schindler í kvikmyndinni *Schindler's List*, sem kom út árið á undan. Tapar fyrir Tom Hanks úr *Philadelphia*.

1994 Kvænist leikkonunni Natóshu Richardson og eignast með henni tvo syni, Michael (1995) og Daniel (1996).

1999 Leikur Jedi-riðarann Qui-Gon Jinn í *Star Wars Episode I: The Phantom Menace*.

2008 Leikur í *Taken* þar sem hann leikur leyniþjónustumann sem sestur er í helgan stein en þarf að rifja upp gamla takta til að bjarga dóttur sinni.

2009 Natasha, eiginkona hans, deyr af völdum alvarlegra höfuðverka sem hún hlaut í skíðaslysi í Kanada.

2012 Leikur í *The Grey* og *The Dark Knight Rises*.

LJÓSVAKALJÓÐ

Laugardaginn 29. janúar
Bíó Paradís kl. 13



Balti situr fyrir svörum

Stuttmyndakeppni unga fólksins, Ljósvakaljód, fer fram um helgina í sjötta sinn. Alls bárust 40 stuttmyndir í keppnina og 30 handrit. Hátíðin mun hefjast á því að óskabarn Íslands í kvikmyndaheiminum ytra þessa dagana, Baltasar Kormákur, mun sitja fyrir svörum og ræða við hátíðargesti um stöðu íslenskrar kvikmyndagerðar.

Eins og fyrr segir voru 30 handrit send inn í keppnina og verður það besta leiklesió fyrir hátíðargesti. Í dómnefnd handrita sitja Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, Margrét Örnólfssdóttir og Silja Hauksdóttir. Að því loknu verða tíu bestu stuttmyndir sýndar á hvíta tjaldi Bíó Paradísar áður en tvær myndir verða verðlaunaðar sem besta stuttmyndin í eldri aldurshópi annars vegar og yngri aldurshópi hins vegar. Í dómnefnd stuttmyndanna sitja þau Reynir Lyngdal, Harpa Þórisdóttir, Hilmar Guðjónsson og Hrafnhildur Gunnarsdóttir.

Fyrir bestu stuttmyndirar í hvorum aldursflokki fást 50.000 kr. en fyrir besta handritið 20.000 kr. en aðstandendur hátíðarinnar lofa því að þarna sé á ferðinni rjóni íslenskrar stuttmyndagerðar á meðal unga fólksins.

fílófaxið

fimmtudagur 26 jan.

GETTU BETUR

Útvarpshúsið
19:30 Þrjár viðureignir fara fram í annarri umferð Gettu betur. Þá mætast Versló og ML kl. 19:30, Borgó og VMA kl. 20:00 og FG gegn MÍ kl. 20:30. Hlýða má á viðureignirar í beinni á Rás 2.

KREPPUKVÖLD - CONTALGEN FUNERAL

Bar 11
21:00 Kreppukvöld Bars 11 halda áfram með tónleikum hljómsveitarinnar Contalgen Funeral frá Saudárkróki. Plötusnúður þeytir skífum eftir að hljómsveitin hefur lokið sér af. Fritt inn.

föstudagur 27 jan.

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ

Háskólabíó
20:00 Alliance Française, Sendiráð Frakklands á Íslandi og Græna ljósið standa fyrir franskri kvikmyndahátíð sem hefst á föstudaginn og stendur yfir til 9. febrúar. Á hátíðinni verður meðal annars sýnd myndin The Artist sem tilnefnd er til nokkurra Óskarsverðlauna.

GULLEYJAN FRUMSÝND

Samkomuhúsið, Akureyri
20:00 Leikfélag Akureyrar frumsýnir Gulleyjuna eftir Robert Louis Stevenson með Björn Jörund og Þóru Karítas á meðal aðalleikara.

MYRRA RÓS

Bar 11
21:00 Tónlistarkonan Myrra Rós treður upp ásamt hljómsveit á Vetrartónleikaröð Tuborg. Myrra vinnur nú að sinni fyrstu plötu sem kemur út á næstunni. Fritt inn.

JOSEFIN WINTHNER OG CYNIC GURU

Reykjavík Backpackers
21:30 Norska tónlistarkonan Josefin Winther og íslenska hljómsveitin Cynic Guru með Roland Hartwell í broddi fylkingar troða upp á hinum huggulega stað Reykjavík Backpackers.

SVITABALL RÖSKVU - RETRO STEFSON

Faktörý
22:00 Stúdentasamtökin Röskva standa fyrir balli þar sem Retro Stefson leikur fyrir dansi. Allir eru velkomnir en plötusnúðagengið Nuke Dukem hitar upp. Ballið byrjar kl. 23 og er aðgangur ókeypis.

laugardagur 28 jan.

LEONCIE

Gaukur á stöng
22:00 Hin goðsagnakennda indverska prinsessa Leoncie heldur einstaka tónleika í miðbæ Reykjavíkur. Því miður fyrir þá sem ekki eru búnir að tryggja sér miða er sprenguppselt á tónleikana. Áhugasamir getu þó e.t.v. auglýst eftir miðum á Facebook og Barnalandi og hver veit nema að slíkt beri árangur. Miðaverð var 2.000 kr.

LOKAPRÓFIÐ

| 26. janúar 2012 |



Ég heiti Hannas Pó Hallkasson Hápunktur lífs míns til þessa var þegar

Þú veist hver ég er af því að ég er eini markaðurinn sem spilar ennþá með deyhúfu.

Inni á fótboltavelli fæ ég mest út úr því

- a) þegar liðið mitt skorar mark
- b) að verja víti
- c) þegar stuðningsmenn KR syngja lag sérstaklega tileinkað mér
- d) þegar lokaflautið gellur í sigurleik**
- e) _____

en ég þoli ekki þegar það er mótvindur

Þegar við **Auddi** tókum upp Atvinnumennina okkar var

- a) Eiður Smári Guðjohnsen
- b) Grétar Rafn Steinsson
- c) Guðjón Valur Sigurðsson
- d) Hermann Hreiðarsson
- e) Logi Geirsson**
- f) Ólafur Stefánsson

mesti höfðinginn heim að sækja en Óli Stef

var með mest drasi inni hjá sér.

Þegar ég hitti sjálfan **Líonel Messi**

- a) langaði mig næstum því að gráta vegna nærveru hans.
- b) langaði mig mest að biðja hann um að taka víti á mig til að sýna honum hvað ég er mikill vítabani.
- c) það ég feiminn og kom ekki upp orði.**
- d) fylltist ég lotningu og langaði að kyssa á honum tærnar.
- e) Kom mér á óvart hvað hann var líka feiminn.

Sá leikstjóri sem ég lít mest upp til er ~~þú~~ sennilega Tarantino

Ég hef leikstýrt 69 auglýsingum, versló stuttmyndum og 3 sjónvarpsþáttaseríum.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út: Hannas Pó



- a) ég leikstýrði Atvinnumönnum okkar.
- b) ég leikstýrði King's Speech-auglýsingu Hámarks.
- c) ég vann tvöfalt með KR í sumar.
- d) ég hélt hreinu í mínum fyrsta A-landsleik.
- e) ég var valinn besti markvörður Shell-mótsins '94.**
- f) _____



Af eftirtöldum tónlistarmönnum væri ég helst til í að leikstýra tónlistarmyndbandi hjá

- a) Beyoncé Knowles**
 - b) Lady Gaga
 - c) Justin Bieber
 - d) Sigur Rós
 - e) Nickelback
 - f) Justin Bieber
- af því að Halla elskar hana út af lífinu

Ég hef spilað fótbolta með 5 félögum og unnið 3 titla í meistaraflokki. Þ-deildabikarinn 2006

Æskuhverfið mitt, Breiðholt, er

- a) suðupunktur íslenskrar menningar.
- b) misskilið hverfi.**
- c) grimmt gettó.
- d) samofið hjarta mínu.
- e) _____

Versta kvikmynd sem ég hef séð er klárlega Evan Almighty - hún var bömmuleg

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Peter Stormare til

að leika mig en líklega yrði það samt Adam Sandler

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég ~~skrifa~~ lata Björn Braga skrifa hann fyrir mig af því að ég hvaðist facebook statusa

Síðast en ekki síst

» **Ástríður Viðarsdóttir**, dagskrárgerðarkona, fílar:

Kvikmynd: Nú mér finnst Love Actually vera helbert æði. Ég græt og hlæ til skiptis eða jafnvel græt og hlæ á sama tíma þegar ég horfi á þessa mynd. Ég er svolítið í því að setja gæðastimpil á myndir ef ég felli nokkur tár við áhorf.

Þáttur: Ég á voðalega erfitt með að fylgjast með heilu þáttaröðunum þar sem ég missi oftast áhugann eða þá gleymi því hvað sumir þættir eru góðir. En Kastljós stendur nú alltaf fyrir sínu, jú og Modern Family.

Bók: Það eru til svo ofboðslega margar góðar bækur og ég á nokkrar uppáhalds. Til að nefna einhverjar þá er Felidae eftir Akif Pirinçci í miklu uppáhaldi og einnig Himnaríki og Helvíti eftir Jón Kalman.



Plata: Ég á enga eina uppáhaldsplötu heldur fer það mikið eftir skapi hvað það er sem ég hlusta á en ég hlusta mikið á Feist, Beyoncé, Hjaltalín og hip hop enda er ég úr Vesturbænum. Keep it real!



Vefsíða: Að sjálfsögðu er það www.liveproject. me sem er fánleg skemmtileg síða. Einnig get ég dottið inn á 9gag.com. En akkúrat núna er ég svolítið að fara inn á www.ruv.is/songvakeppni.



Staður: Uppáhaldsstaðurinn minn er hjá mömmu minni af því hún er skemmtilegust og best.



Í dag er ég fyrst og fremst sáttur „Já, ég náttúrulega þurfti að fara til sálfræðings út af þessu ... ég skil alveg kærustuna mína að vilja halda veglega upp á þrítugsafmælið og ég skil alveg yfirmanninn að vilja ekki láta mig fá fyrirframgreiðslu fyrir veislunni ...eiginlega er ég farinn að skilja allt eftir að sálfræðingurinn benti mér á að fara bara á múla.is og fá lán fyrir þessu ... þetta var frábær veisla! Algert æði! Mér fannst samt að hann hefði ekki þurft að vera að reyna að greina okkar samband. Yfirmaðurinn, meina ég sko ... það var alveg óþarfi af honum að vera að kalla kærustuna mína eyðslukló ... það var kannski líka svolítill óþarfi af mér að sprengja dekkinn á bílnum hans ... og ég hefði kannski ekkert þurft að vera að benda yfirvöldum nafnlaust á það hvernig hann hefur verið að reka sitt fyrirtæki. En í dag er ég fyrst og fremst sáttur ... og bara þakklátur fyrir allt.“

mula.is - peningar á mannamáli!



múla 

SAMSUNG

Skemmtu þér með félögunum.

Samsung
GALAXY Tab 
Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða.

Söluaðilar um land allt

